

Fræðslunefndarfundur

31.10.23 í Ráðhúsi Snæfellsbæjar frá kl. 18:00 -

Fundinn sátu: Sigrún Erla, formaður, Kolbrún Ósk fyrir Margréti Sif, ritari, Dagbjört og Patryk

Hilmar og Kristin Helga komu fyrir hönd grunnskóla Snæfellsbæjar.

Hermína og Linda komu fyrir hönd leikskóla Snæfellsbæjar.

Valentína fyrir hönd tónlistarskóla Snæfellsbæjar.

Kristfríður íþróttar og æskulýðsfulltrúi

Fundargerð ritaði: Kolbrún Ósk Pálsdóttir

Fundarefni: *Eldhugarnir*; bréf og erindi frá Þorgrími Þráinssyni

Nefndin og fundarmenn fagna bréfinu og umræðunni sem það skapar.

Í erindi Þorgríms eru taldar upp 30 hugmyndir sem hann mælir með að horfa til varðandi það hvað samfélög og stofnanir geti gert til að stuðla að velferð og þroska barna. Var strax tekið eftir því að það eru mjög margt á listanum sem þegar er unnið eftir innan Snæfellsbæjar.

Menntastofnanir í Snæfellsbæ eru að gera mjög flotta hluti og megum við vera stolt af þeim í þessum málum. Til dæmis er grunnskóli Snæfellsbæjar einn af fáum símalausum skólum á landinu. Skólastjórnendur bentu aftur á móti á að það vantar uppá að það sé betra samstarf milli skóla og foreldra þar sem samstaða væri um það að nemendur væru ekki að koma með síma í skólann.

Þorgrímur lýsir áhyggjum sínum á slæman orðaforða barna í dag og þar eru börn í Snæfellsbæ ekki undarskilin. Leik- og grunnskólarnir hér eru meðvitaðir um þá stöðu eru búin að innleiða málstefnu, læsistefnu og orð af orði, sem eru ætluð til að bæta meðal annars orðaforða barna.

Þegar litið var á listann í heild var tekin smá umræða um að óraunhæfar kröfur séu alltof oft settar á kennara og skóla nú til dags, ekki sé hægt að hafa alla þætti þess að komast til manns innan skólaveggja. Líkt og tekið er fram í erindinu þá þarf að styðja við foreldra og fjölskyldur í uppeldishlutverkinu líka.

Það kom upp hugmynd um að bjóða foreldrum og forráðamönnum barna í Snæfellsbæjar uppá fyrirlestra og fræðslu / námskeið tengt t.d foreldrahlutverkinu, síma notkun, samfélagsmiðlum og geðheilsu ungmenna.

Það eru til mjög góð námskeið sem hægt er að bjóða uppá og geta skilað góðum árangri. Vandarmálið hér, eins og á fleiri stöðum, er að þegar það hefur verið boðið uppá slíka fyrirlestra hefur verið mjög dræm þátttaka og mæting.

Það eru dæmi um það að í öðrum sveitafélögum að bæjarfélögin hafi verið að bjóða uppá einhverskonar gulrót fyrir þá sem nýta sér fræðsluna. Til dæmis afslætti á gjöldum, eins og leikskólagjöldum, og er það ósk nefndar að það sé skoðað hvort að Snæfellsbær geti stutt við slík námskeið og haft hvata fyrir fólk að nýta sér fræðsluna.